



Samkeppniseftirlit á villigötum

Stofnanir ríkisins leiðast stundum út í að heyja baráttu fyrir tilteknum málstað sem starfsmennirnir aðhyllast í stað þess að láta sér nægja að fylgja lögum og gæta að öðru leyti hlutleysis í hvívetna. Þetta verður gjarnan til þess að stofnanirnar fara að hafa skoðun á því hvernig lögin eiga að vera og beita sér jafnvel fyrir þeirri skoðun sinni gagnvart löggjafanum.

Skoðun starfsmanna stofnunarinnar á því hvernig lögin ættu að þeirra mati að vera verður svo jafnvel til þess að þeir blindast af eigin afstöðu og túlka lögin samkvæmt skoðun sinni en ekki orðanna hljóðan. Þetta virðist í það minnsta hafa gerst í máli Samkeppniseftirlitsins gagnvart Mjólkursamsölu, MS, þar sem eftirlitið hafði fundið Mjólkursamsölu seka um brot á samkeppnislögum, að hafa misnotað markaðsráðandi stöðu sína, og sektað fyrirtækið um 440 milljónir króna.

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála ógilti niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins og felldi niður þessa sekt. Viðbrögð Samkeppniseftirlitsins voru atvagnsverð. Í stað þess að senda frá sér hlutlausu frásögn af niðurstöðunni var fyrirsögn fréttatilkynningar Samkeppniseftirlitsins þessi: „Áfrýjunarnefnd samkeppnismála klofin í afstöðu sinni til þess hvort MS hafi misnotað markaðsráðandi stöðu sína, en staðfestir að MS hafi framið alvarlegt brot með rangri upplýsingagjöf.“ Sem sagt ekki orð um að úrskurður

Ríkisstofnanir eiga að fylgja lögum og gæta hlutleysis en ekki að fara offari og stunda spuna



Samkeppniseftirlitsins hafi verið felldur úr gildi en áherslan lögð á að áfrýjunarnefndin hafi klofnað! Og svo sagt frá því að upplýsingagjöfin hafi

verið ófullnægjandi, en reyndar fullyrt að hún hafi verið röng. Ekki orð um það að þessi ófullnægjandi upplýsingagjöf MS var frekar til þess fallin að skaða málstað MS en hitt.

Fréttatilkynning Samkeppniseftirlitsins var að auki send út á tíma sem hentar vel fréttatíma sjónvarps Ríkisútvarpsins og frétt þess var bersýnilega undir sterkum áhrifum af spuna Samkeppniseftirlitsins.

Augljóst er, ekki síst af viðbrögðum Samkeppniseftirlitsins eftir ógildingu áfrýjunarnefndarinnar, að Samkeppniseftirlitinu er með öllu ómöglegt að fjalla um málefni Mjólkursamsölu á því hlutleysi sem gera verður kröfu um til stofnunar á vegum ríkisins. Einkum þegar um er að ræða stofnun sem getur með aðgerðum sínum haft veruleg áhrif á rekstur og starfsemi fyrirtækja í landinu.

Íslensk fyrirtæki eiga ekki að þurfa að búa við það að Samkeppniseftirlitið, sem á að tryggja að eðlilegum leikreglum sé fylgt, geti átt það til að blindast af einkasjónarmiðum, óháð lagaákvæðum, og leggja tiltekin fyrirtæki í einelti eða setja kíkinn fyrir blinda augað þegar önnur fyrirtæki eiga í hlut.

Miklum völdum þarf að fylgja mikil ábyrgð og Samkeppniseftirlitið verður að standa undir mikilli ábyrgð.